

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1975.*

F. h. r.

**Árni Snævarr.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973.

4. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 420.00 á hemil á mánuði. Vatnsgjald er kr. 750.00 fyrir hvern lítra á mínútu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1975.*

F. h. r.

**Árni Snævarr.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps og Rafveitu Njarðvíkur.

### RAFORKA

Rafveita Voga selur raforku á þann hátt og með því, sem hér segir:

#### 1. Lýsing.

- Um kWst.-mæli á kr. 40.00 hver kWst.
- Um kWst.-mæli á kr. 15.60 hver kWst., auk fastagjalds er nemi kr. 175.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 60.70 af fermetra á ári.

#### 2. Almenn heimilisnotkun.

- Um kWst.-mæli á kr. 10.00 hver kWst.

### 3. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 22.20 hver kWst., hafi vélnarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 5 733.00 á hvert uppsett kW. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 17.60 hver kWst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- og mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
  - a) Um kWst.-mæli á kr. 9.10 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, í mesta álagstíma rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með, að rofið sé á tilskildum tímum.
  - b) Um tvígjaldsmæli á kr. 37.50 hver kWst., í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst í senn, en kr. 6.00 hver kWst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 10 362.00 fyrir hvert kW. mest notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mín. meðalálág og auk þess kr. 3.75 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 105.00 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 43.00 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 77.60 annars staðar.

### 5. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 2.55 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag í tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWst.-mæli á kr. 1.20 hver kWst. í 9 klst. á tímanum frá klukkan 22 til 7.
3. Um kWst.-mæli á kr. 4.75 hver kWst., án rofs.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:*

- a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis, er hita skal þegar þess er krafist.

### 6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 12.00 hverja kWst., enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, kWst. mælir á kr. 22.40 hver kWst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 3.80 hver kWst. í tímanum frá klukkan 22 til 8.30 og kr. 10.00 hver kWst. í tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 12.00 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárlíði, skal setja eftir gjaldskrárlíð 1.1.

### 7. Mælaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasa mælum upp að 30 amper .....	kr. 60.00 á mán.
Af þrífasa mælum 50—220 amper .....	— 175.00 - —
Af þrífasa mælum upp að 50 amper .....	— 70.00 - —
Af þrífasa mælum yfir 220 amper .....	— 235.00 - —
Af liða fyrir álagsstýringu .....	— 360.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### 8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 430.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 430.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvis að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð skv. lið nr. 2, nema þyngri refsing liggí við.

### 9. Heimtaugargjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnarteikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi tölum.

Gjaldskrá- liður	Málstráumur stofnvara í 3 × 220 V	Hámarks afl kVA.	Heimtaugar- gjald kr.
	kerfi Amp.		
1.	3 × 60	22	46 200.00
2.	3 × 100	38	67 100.00
3.	3 × 200	100sp	132 000.00
4.	3 × 350		220 000.00

sp = spennir.

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

$Y_j = (312 + kVA) \text{ kr./m.}$  Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metra þannig:  $Y_l = (62 + 3 kVA) \text{ kr./m.}$  að viðbættum kr. 13 800.00 á hvern staur í umframlengd. Sé bráðabirgðaheimtaug lögð í vinnuskúr eða hús í byggingu er greitt fyrir hana eins og hér segir:

60 amper einfasa .....	kr. 9 600.00
60 amper þrífasa .....	— 12 100.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi t. d., fyrir lengri tíma — kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

#### 10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða. Hreppsnefnd er heimilt að hækka og lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. til 6. lið gjaldskrár um allt að 20%, enda sé breytingin heimiluð af iðnaðarráðuneytinu og auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. september 1975. Jafnframt eru eldri gjaldskrár sama efnis úr gildi felldar.

*Iðnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1975.*

F. h. r.

Árni Snævarr.

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 178 9. nóvember 1959 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga, sbr. reglugerð nr. 291 26. september 1974.

### 1. gr.

6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samanlagt 17 500 að tölu í öllum 12 flokkunum og eru samanlagt að verðmæti kr. 201 600 000.00.

Stjórn SÍBS ákveður vinningatölu og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Þó séu aldrei færri en 1 000 vinningar í 1. flokki og ekki fleiri en 2 500 vinningar í 12. flokki.

### 2. gr.

7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 4 800.00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 400.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða